

AUGLÝSING

um breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun, þrýstijöfnunarstrokkur í Hólfsufs.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. desember 2005 staðfest breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun frá 15. ágúst 2002.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir þrýstijöfnunarstrokki frá aðrennsligöngum Kárahnjúkavirkjunar upp á yfirborð, syðst í Hólfsufs, um 2,5 km suðvestan við Miðfell. Aðkoma að svæðinu verður frá aðkomuvegi að aðgöngum 1 á móts við Miðfell.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. desember 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2005